

985

254/4

# T T A R - P Ö S T U R I N N

6. ARG. 1. TÖL.

APRÍL

1990

## Leiðari

Ritstjóri ÆP sendir skógargerðisættinni kveðju guðs og sína. Það er farið að vora - eða það á að minsta kosti að vera farið að vora eftir því sem almanak segir - en það er nú aldrei að treysta á þetta almanak. Hvað sem því líður er stutt í sumardaginn fyrsta og er því rjett að grípa tækifærið og óska lesendum gleðilegs sumars hvað sem snjóalögum líður.

Einsog við mátti búast er það aðalefni þessa blaðs að kynna ættarmót það sem stendur fyrir dyrum. Inní blaðinu er að finna allar nýustu upplýsingar um það fyrirtæki.

Ritstjóri finnur sig knúinn til að nefna hjer að hann hefur feingið brjef frá lesanda. Þetta verður - því miður - að teljast til stórtíðinda. Ætli þetta sje ekki annað brjefið sem ritinu berst á sex árum. Ritstjóra þykir vænt um þetta. Og brjefið er birt í heild sinni á 2. síðu - og meira að segja með stafsetningu höfundar. Vonast ritstjóri til þess að þetta verði öðrum hvatning til að stínga niður penna. Það er afskaplega þreytandi til leingdar að þurfa æfinlega að skrifa alt blaðið sjálfur.

**Inni í blaðinu: Alt um ættarmótið 14. - 15. júlí.  
Fylgist með: Flettið ÆP**

## Brjef frá Gullu á Moshvoli

Herra ritstjóri.

Mér hefur borist síðasta tölublað Ættarpóstsins og þótti mér það góð sending. Ég sé að þar kennir margra og merkilegra grasa (og plantna). Ritstjórn hefur ekki sofið á verðinum og er farin að huga að ættarmóti. Þykir mér það lofsvert framtak og býst við að henni verði ekki skotaskuld úr að koma því í framkvæmd. Ritstjóri minnst réttilega á að síðasta ættarmótsnefnd hafi öll verið af suðvesturhorninu og þó hún hafi staðið sig með ágætum, þá er náttúrulega ekki nógu gott að Reykjavíkurlvaldið sé alls ráðandi og gæti valdið mikilli bygðarröskun. Því legg ég til að nú verði leitað austur og norður í þeim efnum, tel þó rétt að ritstjóri Ættarpóstsins fái að halda sínu sæti.

Nú þegar Húsið (Má ekki allt eins hafa það með stórum staf) er komið í sæmilegt horf ætti að vera auðveldara með alla fyrirgreiðslu við gesti. Ég hygg að ég mæli fyrir munn þeirra sem þar búa, bæði húsbónda ráðskonu og hjúa, að reynt verði að aðstoða eftir föngum. Má búast við miklum kaffiuppáhellingum og kanski lummum með sultutaui.

Ef einhverv langar að taka lagið þá er gamla orgelið nýuppgergt og bíður þess að spilað verði og sungið eins og í gamla daga. - Hvernig væri að einhver setti saman þjóðsöng fyrir ættina sem við gætum kyrjað við hátíðleg tækifæri?

Gulla

### Álfasaga

Í Hólnum neðan við gamla bæinn í Skógargerði búa álfar einsog ÆP hefur áður greint frá. Þetta er ekkert hjegómamál og er því til frekari sönnunar eftirfarandi saga:

Það var eitt sinn að vorlagi á sauðburði að jeg var að koma innanúr Girðingu með systkinum mínum. Jeg hef þá líklega verið á 6. eða 7. árinu. Við höfðum verið að smala ám og líta eftir lambfje. Kvöld var komið; skýjabelti á himni og sól að ganga undir. Hlýindi höfðu geingið; veður var kyrt; fljótið hvítt og sljett. Þegar við komum útá Hæðina þarsem útsýn opnast heimá túnið verður mjer litið til Hólsins sem þar blasir við. Sje jeg þá fyrir mjer röð bæarstafna sem snúa framá hlað. Þilin voru hvít með greinilegum gluggum og voru karmar þeirra grænleitir. Jeg horfði hugfánginn á þessa sýn nokkra stund og greyptist hún inní minni mitt. Enn get jeg kallað fram þessi hvítu hreinu þil með grænum hlaðvarpa. Einhver kallaði á mig hastarlega og leit jeg þá af Hólnum sem snöggvast. Voru þil öll horfin þegar jeg leit þangað næst. Hóllinn orðinn einsog hann átti að sjer að vera (Heimild: SG).

# Skógargerðisdagar 1990

14. og 15. júlí

## Ættarmótsnefnd

Það fór svo að Reykjavíkurlvaldið varð að lúffa. Og var nú mál til komið. Hjer skal nú gera grein fyrir nýrri ættarmótsnefnd en hún er þannig skipuð:

Víkíngur Gíslason, Skógargerði í Fellum. Sími 97-11935 (formaður)

Helga Þórhallsdóttir, Ormsstöðum í Eiðþinghá. Sími: 97-13836

Hólmfríður Helgadóttir, Setbergi í Fellum. Sími: 97-11929

Dagný Pálsdóttir, Selási 33, Egilsstöðum. Sími: 97-11351

Dagný Gerður Sigurðardóttir, Reynivöllum 11, Egilsst. Sími: 97-11134

Ragnhildur Indriðadóttir, Smárahvammi 1 í Fellum. Sími: 97-11352

Gísli Sigurgeirsson, Knarrarbergi, Eyjafirði. Sími: 96-21986

Þetta fríður hópur og hann er einsog sjá má mestallur af 97-svæðinu. Athygli vekur að konur eru þarna í miklum meiri hluta en vona verður að hlutur karla verði ekki fyrir borð borinn. Formaður hefur lýst því yfir að hann muni kveðja fleiri aðila til ráðuneytis - jafnvel fólk af 91-svæðinu. Og þó að ekki kunni að verða vel sjeð hefur ritstjórn ÆP einsett sjer að reyna að hafa þarna fingur í ýmsum málum.

## Liggið ekki á hugmyndum

Formaður biður þess sjerstaklega getið að nefndinni sje mikil þökk í því að fá ábendingar og ráðleggíngar um væntanleg hátíðahöld. Hann hefur einnig látið blaðinu í tje grófa lýsíngu á dagskrá einsog nefndin sjer hana fyrir sjer. Tímarammi hefur verið settur en innan hans er margt til endurskoðunar.

Meginatriði er að nefndin er komin í fullan gáang og mun ÆP fylgjast með störfum hennar og gefa út aukablöð eftir því sem þurfa þykir. Dagskrárröög eru kynt á baksíðu.

## Yrkíngar

Það er ekki svo galin hugmynd hjá Gullu á Moshvoli að yrkja beri ættarsaung. Við erum nú komin af Hallgrími heitnum í Sandfelli, því merka ákvæðaskáldi, og nefna má að Páll gamli Ólafsson er í þessari ætt. Vitað er að vísnagerðarfólk er enn meðal vor. Góðir hálsar! Er ekki rjett að taka Gullu á orðinu? ÆP tekur fegins hendi við yrkíngum ættarinnar og lofast til að koma þeim á framfæri.

# Skógargærðisdagar 1990

## Drög að dagskrá

### Laugardagur 14. júlí

10.00: Mótið sett

Aðrir liðir sem til greina koma á laugardegi:

Kynníng. - Aðalatriði að teknar verða myndir af fjölskyldum.  
Gaunguferðir um Skógargærðisland - Skógrækt.

### Kvöldvaka.

**ATH:** Það eru eindregin tilmæli ættarmótsnefndar að fólk leggi til númer á kvöldvökuna: ljóð, sögur, dans, látbragðsleik o.s.frv. Mega menn búast við því að verða skikkaðir til þess á staðnum að leggja til skemtiatriði.

### Sunnudagur 15. júlí.

Liðir sem koma til greina:

Kirkjuferð, Áskirkja (valfrjáls).  
Kynnisferðalag um Hjerað (valfrjálst).

**18.00: Lokahóf í Valaskjálfi.** Hjer er treyst á að fólk leggi til (stutta) skemtiþætti.

Einsog sjá má eru hjer **tvö atriði tímasett: upphaf og endir.** **Kvöldvaka** (laugard.) er líka nokkuð viss liður. Einsog áður er komið fram hvetur nefndin alla til að koma hugmyndum sínum um dagskrá að öðru leyti á framfæri. Þetta er þitt mót, kæra skógargærðisætt. Reyndu nú að sýna hvað í þjer býr!

---

### Ættarpósturinn

Ritstjórn:

Indriði Gíslason ritstjóri og ábyrgðarmaður. Barmahlíð 32, 105 Reykjavík.  
Helgi Ómar Bragason ritstórnarfulltrúi. Smárahvammi 1 Fellum, 701 Eg.  
Örnólfur Thórsson ráðgjafi ritstjóra. Tómasarhaga 27, 107 Reykjavík.